

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. október 2015 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-26/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 24. mars sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa ágreinings í tengslum við kaup á hundi af Y, hér eftir einnig nefnd gagnaðili. Álitsbeiðandi krefst viðurkenningar á því að samningur hafi komst á milli hennar og gagnaðila um kaup álitsbeiðanda á hundi af gagnaðila.

II

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur um viðskipti sem falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup, lög nr. 42/2000 um þjónustukaup og lög nr. 48/2003 um neytendakaup er á valdsviði nefndarinnar, þ.e. að nefndin gefur álit sitt á því hvernig hann eigi að leysa. Sá ágreiningur sem lýst er í álitsbeiðni varðar hvort samningur hafi komist á milli álitsbeiðanda og gagnaðila um kaup álitsbeiðanda á hundi af gagnaðila. Ágreiningur tveggja einstaklinga um kaup á hundi ætti eðli sínu samkvæmt að falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Í 1. gr. þeirra laga segir að lögin gildi um kaup að svo miklu leyti sem ekki sé á annan veg mælt í lögnum sjálfum. Í lögnum er hins vegar ekkert fjallað um það hvernig leysa skuli úr ágreiningi um það hvort kaup hafi í raun átt sér stað, þ.e. samningur komist á um kaupin. Þar sem heimildir kærunefndarinnar til að veita álit takmarkast við ágreining skv. framangreindum lögum, fellur það utan við valdsvið nefndarinnar að fjalla um það hvort samningar, sem eftir atvikum falla undir framangreind lög, hafi komist á milli aðila. Af þeim sökum er annað óhjákvæmilegt fyrir kærunefndina en að vísa frá sér álitsbeiðni X, sbr. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir